

ÁLITSGERÐ

Til: Kristjáns Jóns Sveinbjörnssonar.

Frá: Grími Má Þórólfssyni hdl.

Dags: 17. maí 2017

I.

Viðfangsefnið.

Með tölvupósti, dags. 15. maí 2017, óskaði Kristján Jón Sveinbjörnsson (hér eftir „álitsbeiðandi“), kt. 061063-7819, eftir því að undirritaður gæfi lögfræðilegt álit á því hvaða lög hafi verið brotin þegar álitsbeiðandi var handtekinn af lögreglu á heimili sínu þann 9. ágúst 2014. Undirritaður rak skaðabótamál fyrir álitsbeiðanda gegn íslenska ríkinu vegna handtökunnar en íslenska ríkið var sýknað með dómi héraðsdóm Reykjavíkur í máli E-2672/2016 en dómurinn var kveðinn þann 21. apríl 2017.

II.

Helstu málavextir.

Helstu málsatvik eru þau að á laugardeginum 9. ágúst 2014 rétt upp úr hádegi fékk lögreglan símtal þar sem kvartað var yfir hávaða úr íbúð álitsbeiðanda. Nánar tiltekið var álitsbeiðandi að spila tónlist úr íbúð sinni. Lögreglan mætir á staðinn og bankar að dyrum. Álitsbeiðandi heyrir ekki þegar lögreglan bankar að dyrum og kemur því ekki til dyra. Ákveður lögreglan því næst að taka vartappa úr rafmagnstöflu í fjöleignarhúsinu svo að rafmagn af íbúð álitsbeiðanda færi af. Því næst banka þeir aftur að dyrum.

Þá kemur álitsbeiðandi til dyra og honum til undrunar standa tveir lögregluþjónar við hurðina, sem öskra á álitsbeiðanda að hann sé með ofbeldi og í framhaldinu ráðast þeir á hann og draga hann út úr íbúðinni og niður í lögreglubifreið án þess að álitsbeiðandi fengi einhverjar frekari skýringar á ástæðunni fyrir þessu öllu saman. Álitsbeiðandi var því handtekinn með offorsi samstundis. Var hann færður á lögreglustöðina við Flatarhraun í Hafnafirði og vistaður þar í fangaklefa. Álitsbeiðandi var svo látinn laus um tveimur klukkustundum síðar. Var honum hent út á götu á sokkunum og þurfti hann að ganga þannig tilbaka heim til sín.

Hlaut Kristján sektargerð fyrir að fara ekki að fyrirmælum lögreglu en sú sekt var svo látin niður falla.

III. Niðurstaða.

1.

Eins og spurningin er lögð fram telur undirritaður að fara þurfi yfir þær aðgerðir lögreglu þennan dag í þeirri röð sem þær gerðust og hvaða lög eiga við um hverja aðgerð fyrir sig.

Álitsbeiðandi var handtekinn að heimili sínu af lögreglu. Undanfari þess er þó að lögreglan ákveður að slá út vartappa í rafmagnstöflu í fjöleignarhúsinu þannig að rafmagnið af íbúð álitsbeiðanda færi af. Í huga undirritaðs er það þvingunarráðstöfun sem skýr lagaheimild verður að liggja fyrir enda íþyngjandi aðgerð. Lagaheimild fyrir slíkri þvingunarráðstöfun er þó ekki til staðar og slíkt telst ekki til eðlilegra starfshátta af hálfu lögreglu og var sú aðgerð því ólögmat að mati undirritaðs. Þá telur undirritaður að lögreglan hefði átt að reyna vægari aðgerðir fyrst eins og meðalhófsregla stjórnsýsluréttar kveður á um en sú regla er lögbundin í 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 en þau lög eiga við um lögreglu og skyldar lögreglu því að nota vægustu úrræði sem völ er á hverju sinni. Héraðsdómur í málinu var þó ekki sammála því að sú aðgerð lögreglu að taka rafmagn af íbúðinni hafi verið gróf aðgerð heldur hafi það verið vægari aðgerð en að fá lásasmíð til að opna hurðina og því hafi ekki verið brotið á meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar.

Í framhaldinu kveður álitsbeiðandi þá hafa ruðst inn í íbúð hans og handtekið hann eftir að hann opnaði hurðina. Lögregla hefur ekki heimild til að fara inn á heimili einstaklinga án heimild dómara eða samþykki eiganda. Kemur sú skylda fram í 1. mgr. 75. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 en ákvæðið er eftirfarandi: „Leit skv. 74. gr. skal ákveðin með úrskurði dómara nema fyrir liggja ótvírætt samþykki eiganda eða umráðamanns, sbr. þó 2. og 3. mgr.“

Því er alveg ljóst að lögreglan braut gegn ákvæði þessu ef þeir fóru inn í íbúð álitsbeiðanda enda ljóst að þeir höfðu ekki samþykki hans né dómsúrskurð. Þá var heldur engin brýn hætta sem stafaði af og því engin nauðsyn fyrir lögreglu að fara inn á heimili hans.

Þá þarf einnig að skoða hvort skilyrðum fyrir handtöku hafi verið uppfyllt. Lögreglan getur einungis handtekið mann þegar ákveðnum skilyrðum er fullnægt. Koma þessi skilyrði fram í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála, nánar tiltekið í 90. gr. laganna en ákvæðið er svo efnis: „Lögreglu er rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi framið brot sem sætt getur ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, til að tryggja návist hans eða öryggi hans eða annarra ellegar til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum.“

Þá hvílir á lögreglu einnig lögreglulög nr. 90/1996 en í þeim er kveðið á um í 16. gr. laganna:

„1. Handhafa lögregluvalds er heimilt að handtaka mann og færa á lögreglustöð eða á annan stað þar sem lögreglan hefur aðstöðu:

- a. í þeim tilgangi að halda uppi lögum og reglu, svo sem ef maður ærist á almannaferi eða veldur þar hneyksli eða hættu á óspektum,
- b. ef hann hefur ekki landvistarleyfi

- c. ef hann á að afplána refsingu
- d. ef hann hefur leyfislaust vikið úr fangelsi
- e. ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi rofið í verulegum atriðum skilyrði sem honum hafi verið sett í skilorðsbundnum dóm, reynslulausn eða náðun.“

Lögreglan byggir handtökuna þó á þeim grundvelli að Kristján hafi verið ógnandi í garð lögreglu og hafi ýtt í sífellu í annan lögreglumanninn. Lögreglumennirnir hafi beðið hann um að hætta en sökum þess að hann gerði það ekki, hafi þeim verið nauðsyn að handtaka hann. Í 19. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 kemur fram skylda almennings til að hlýða fyrirmælum lögreglu. Var Kristján handtekinn af þeim sökum og hlaut hann sektargerð fyrir það brot. Síðar var þó sektargerðin vegna þessa atviks felld niður.

2

Leiðir það okkur til að skoða hver réttarstaða fólks er þegar lögreglan hefur beitt eistaklinga ólögumætum þvingunarráðstöfum, svosem handtekið eða sett í gæsluvarðhald o.s.frv. Kveðið er á um það í 37. kafla laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Þar kemur fram í 1. mgr. 228. gr. laganna að maður sem borinn hefur verið sökum í sakamáli eigi rétt til skaðabóta skv. 2. mgr. ef mál hans hefur verið felld niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann var talinn ósakhæfur.

Í 2. mgr. ákvæðisins kemur svo eftirfarandi fram: „Dæma skal bætur vegna aðgerða skv. IX.–XIV. kafla laga þessara ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi. Þó má fella niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á. “

Um er að ræða hlutlæga bótareglu sem kveður á um að ef einstaklingur var beittur þvingunarráðstöfunum svosem verið handtekinn eða annað slíkt án þess að hljóta dóm fyrir eigi hann rétt til skaðabóta úr hendi íslenska ríkisins. Í 2. mls. 2. mgr. 228. gr. er þó að finna undantekningu sem er á þann veg að fella megi niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á. Sönnunarbyrðin fyrir þessu er því á hendi íslenska ríkisins sem verður að sanna það og ef sú sönnunarbyrði tekst geta dómstólar felld niður bætur til þeirra sem sækja bætur á þessum grundvelli eða lækkað þær.

Var það niðurstaða héraðsdóms í máli þessu. Í máli álitsbeiðanda gegn íslenska ríkinu í máli nr. 2672/2016, að sönnunarbyrðin fyrir því að

álitsbeiðandi hafi sjálfur valdið eða stuðlað að aðgerðum lögreglu þennan dag með hátterni sínu.

Þetta snýst því um sönnunarbyrði og leiða almennar reglur um sönnun um það hvort dómstólar fallast á það hvort undantekningin í 2. mls. 2. mgr. 228. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 eigi við í hverju máli fyrir sig. Eins og niðurstaða héraðsdóms varð í máli þessu.

Eins og máli þessu var háttað voru það orð álitsbeiðanda sem stóðu gegn orðum þeirra tveggja lögreglumanna sem handtóku hann að heimili hans. Einnig bar nágranni álitsbeiðanda vitni fyrir dómi en hann sá ekki hvað gerðist á milli álitsbeiðanda og lögregluþjónanna en sagðist hafa legið við hlustir um hvað fram fór. Verður nánar greint fyrir sönnunarstöðunni í næsta kafla.

3.

Saga álitsbeiðanda í máli þessu var á þá leið að hann hafi verið algjörlega grunlaus um þær lögregluaðgerðir sem gangi í voru og þegar hann opnar hurðina, eftir að bankað var að dyrum eftir að rafmagninu var slegið út í íbúð hans, stóðu tveir lögregluþjónar sem öskruðu á hann samstundis að hann væri með ofbeldi, réðust því næst á hann og skelltu honum í gólfíð. Í framhaldinu héldu þeir á honum út í bíl og fóru með hann niður á lögreglustöð þar sem honum var komið fyrir inn í fangaklefa.

Ef saga álitsbeiðanda er rétt er augljóst að skilyrði handtöku, eins og áður hefur verið reifað, voru ekki fyrir hendi. Þá hafði lögregla einnig ekki heimild til þess að fara inn í íbúð álitsbeiðanda. Þá er heldur ekki hægt að komast að þeirri niðurstöðu að álitsbeiðandi hafi á einhvern hátt stuðlað að eða valdið því að lögreglan hafi þurft að handtaka hann og fara með hann í fangaklefa.

Saga lögregluþjónanna var þó á þá leið að þegar að álitsbeiðandi hafi opnað hurðina hafi hann verið áberandi ölváður, strax verið dónalegur og hreytt fúkyrðum í lögregluþjónannana. Lögregluþjónarnir hafi beðið hann um að gera grein fyrir sér en það hafi álitsbeiðandi ekki gert. Þá hafi álitsbeiðandi byrjað að ýta í annan lögregluþjóninn, þann eldri, og þar sem álitsbeiðandi varð ekki að fyrirmælum lögregluþjónanna að gera grein fyrir sér og hætta að ýta í þá, hafi hann verið handtekinn. Sagði sá eldri að hann hafi tekið í hendina á álitsbeiðanda sett hana fyrir aftan bak hans og skellt honum upp í dyrastafinn og þannig var hann handtekinn. Þannig hafi þeir aldrei stigið fæti inn í íbúðina. Því næst hafi þeir haldið á álitsbeiðanda niður í bíl en það væri eðlileg framkvæmd og ef þriðji maður hefði verið með hefði hann haldið utan um lappirnar á álitsbeiðanda

Síðari lögregluþjónninn hafði sömu sögu að segja en þó var hans frásögn frábrugðin að því leyti til að hann kvað að þeir hafi leitt álitsbeiðanda á milli sín niður stigann og þannig hafi þeir gengið niður stigann.

Vitnið, nágranninn, sem mætti fyrir dóm kvað að mjög fljótt, jafnvel innan við mínútu, eftir að álotsbeiðandi hafi opnað hurðina hafi hann heyrt mikinn dink eins og manneskju hafi verið skellt í gólfíð. Var hann spurður hvort sá dinkur gæti hafa verið á þá leið að manneskju hafi verið skellt upp að hurð, svaraði vitnið því neitandi þetta hafi verið það mikill dinkur að líklegast hafi manneskju verið skellt í gólfíð. Er þessi frásögn til stuðnings framburðar álotsbeiðanda að lögregluþjónarnir hafi ráðist að álotsbeiðanda innan við mínútu eftir að hann opnaði hurðina og skellt honum í jörðina. Miðað við þá frásögn verður einnig að telja líklegast að lögregluþjónarnir hafi stigið inn í íbúð álotsbeiðanda og handtekið hann með því að skella honum í gólfíð. Ólíklegt verður að telja að álotsbeiðandi hafi opnað hurðina og því næst stigið út úr íbúðinni á móti lögregluþjónunum og þannig hafi lögregluþjónarnir aldrei farið inn í íbúð álotsbeiðanda. Með því brutu lögregluþjónarnir því gegn skilyrðum 75. og 90. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

IV.

Að mati undirritaðs var því niðurstaða héraðsdóms ekki rétt í málinu því ekki er hægt að fallast á að íslenska ríkið hafi tekist að sanna að álotsbeiðandi hafi stuðlað að aðgerðum lögreglu þennan dag. Sönnunarbyrði í málum sem þessum eru alltaf erfið fyrir einstaklinga þegar metin er frásögn eins einstaklings gegn tveimur lögregluþjónum sem styðja frásögn hvors annars. Í máli þessu var frásögn lögregluþjónanna þó ekki á sama veg um mikilvægt atriði eins og hvernig þeir hafi farið með álotsbeiðandi niður stigann og inn í lögreglubifreiðina. Þá var framburður oóhluðrægs vitnis einnig á skjön við frásögn lögregluþjónanna en studdi frásögn álotsbeiðanda. Tókst sönnunarbyrði íslenska ríkisins að mati undirritaðs því ekki og hefði átt að dæma álotsbeiðanda bætur.

IV.

Samandregin niðurstaða.

Helstu niðurstöður mínar eru í stutt máli þessar:

1. Lögregla hafði ekki heimild til að fara inn á heimili álotsbeiðanda og þá brást þeim einnig skilyrði til að handtaka hann.
2. Sönnunarbyrðin fyrir því að álotsbeiðandi hafi stuðlað að aðgerðum lögregluþjónanna þennan dag tókst ekki. Enda var ekki samræmi í frásögn lögregluþjónanna. Þá studdi frásögn óhluðrægs vitnis frásögn álotsbeiðanda en var á skjön við frásögn lögregluþjónanna. Því hefði átt að dæma álotsbeiðanda bætur.

Reykavík, 17. maí 2017.

Grímur Már Þórólfsson hdl.